

251. stjórnarfundur LSS 29. nóvember kl. 11:00

Mættir: SP, LB, ÁP, MSS, NP, JP, VLF.

1. Fundargerð síðasta fundar

Sp.

2. Nýjar umsóknir um aðild

Vilhjálmur Halldórsson 112 sp

3. Starfið milli funda

Lagfæringar á heimasíðu

Félagsfundur hjá Isavia í Kef

Undirbún v fundar með Effua

Fengið lánsloforð frá LSR vegna íbúðakaupa

Frkvstj fór á Formannaráðsfund BSRB

Starfsdagur hjá BSRB

Starfslokasamningur fyrir félagsmann hjá Isavia

Undirbúningur fyrir kjaraviðræður við Isavia

Boðið upp á fyrirlestur um samskipti á vinnustað hjá SF

4. Starfsmenntunarsjóður, beiðni um reglugerðarbreytingu

Farið yfir tillögurnar og gerðar breytingar.

5. Eldvarnaátakið

Gekk vel að venju. Formleg opnun var í Mosfellsbæ 17. nóvember.

6. Félagsfundur hjá Isavia 01.11.16

Stjórnarmenn kynntir og farið yfir starfið. Kjarasamningur þeirra rennur út 28.02.2017. Félagsmenn ákváðu að LSS færi sér í kjaraviðræður.

7. Tryggingasjóður

Fundað með Fulltingi. Verið er að skoða tryggingu sem dekkar eftir starfi.

Félagismaður geti fengið bætur sem miðast við eigin laun og kostnað.

Verið að skoða hvort eigi að hafa A og B sjóði, atvinnumenn og hlutastarfandi.

Skilað verður inn fyrir Jól upplýsingum um gang málsins.

8. Orlofsíbúðarkaup

Stjórn LSR hefur samþykkt að lána Orlofssjóði LSS fyrir íbúðarkaupum í Rvík.

Stjórn LSS samþykkir að taka lánið.

Stjórn biður Orlofssjóð að skoða með að byggja pall við orlofsíbúð á Akureyri, n.h.

9. Effua fundurinn í Brussel

Þrír fóru frá LSS á stjórnarfund Effua.

Jón Pétursson sem fulltrúi í stjórn Effua.

Stefán Pétursson sem formaður LSS og Njáll Pálsson sem formaður Fagdeildar

sjúkraflutningamanna til að ræða m.a. möguleika á að Effua nái líka yfir

sjúkraflutningamenn og til að ná sér í fleiri alþjóðlegar tengingar.

Ánægja var með fundinn. Þar áttu sér stað mikil og góð skoðanaskipti og ljóst að hægt er að fá ýmislegt út úr þessum samtökum. Fulltrúar LSS höfðu ýmislegt fram að færa á fundinum. Nauðsynlegt er að nýta samtökin til að safna gögnum varðandi ýmis málefni.

M.a. voru umræður um; „Slökkviliðsstöð framtíðarinnar“, hvernig vilja menn sjá hana. NP tók upp við stjórn Effua að taka sjúkraflutningamenn inn í samtökin og var settur í vinnuhóp með það hlutverk.

Fleiri lönd eru að sækja um aðild.

10. Ráðstefnan -hvernig tókst til og hvert er framhaldi

Ráðstefnunni var vel tekið og mjög vel sótt.

Skoða þarf „þekkingasetur áfalla“ með nána tengingu viðbragðsaðila.

Setja „Hvernig líður þér“ frá BI á heimasíðu þannig að hægt sé að sækja það til útprentunar.

Ákveðið að ræða við Sigríði Þormar með mögulegt framhald, t.d. fyrirlestrar út um land.

11. Síamálið

á fundi Samstarfsnefndar LSS og SNS kom fram hjá fulltrúum SNS að SHS væri með lægstu greiðslurnar. Þau funduðu um það mál hjá SHS og leggja til að greiðsla per mánuð fyrir stofn og rekstrarkostnað verði 2.400kr. Fulltrúar LSS höfnuðu því og lögðu til 4.200kr, sem er sú upphæð sem samninganefnd SNS lagði til í síðustu samningaviðræðum. SNS hafnaði því.

12. Önnur mál

a) Lagt er til að LSS haldi ráðstefnu um **krabbamein** árið 2018. Rætt um gallapvottavélar.

b) **Myndband um eld.** Rætt um að gera myndband.

c) **Banner,** búa til af LSS fána og Effua fyrir LSS.

Fundi slitið kl. 13:50